



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
Lindagötu
101 Reykjavík

Hvolsvelli, 12. Apríl 2019
Málsnúmer: 1904063

Efni: Áform Fjármálaráðuneytisins um skerðingar á tekjum Jöfnunarsjóðs

Á fundi sveitarstjórnar Rangárbíngs eystra, fimmtudaginn 11. Apríl 2019, var tekið til umræðu og afgreiðslu eftirfarandi;
Áform Fjármálaráðuneytisins um skerðingar á tekjum Jöfnunarsjóðs

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Rangárbíngs eystra mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 2,8 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu. Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er um 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætur þetta ekki stöðu þess málaflökks. Samkvæmt útreikningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lækka framlög til Rangárbíngs eystra um 6,1% á tímabilinu og er það töluvert meiri lækkun en meðaltals lækkun á landsvísu, sem talin er verða 3,6%. Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 milljarði króna. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug. Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarbrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu. Sveitarstjórn krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað. Samþykkt samhljóða.

Virðingarfyllst,
f.h. Rangárbíngs eystra


Sveitarstjóri Rangárbíngs eystra
Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri